

6. fundur haldinn þriðjudaginn 13. janúar á Ráðhúsloftinu í Stykkishólmi kl. 16:00**Mættir:**

Hjördís Pálsdóttir – safnstjóri
Berglind Axelsdóttir - Stykkishólmi
Kristín Björg Árnadóttir - Snæfellsbæ
Sólrun Guðjónsdóttir – Grundarfirði

Dagskrá fundarins:

1. Rekstur: Farið yfir ársuppgjörið 2014. Eins og staðan er núna þá eru miklar líkur á að árið muni koma út í plús. Berglind mun biðja Þór um að senda endanlegt uppgjör í tölvupósti þegar það er klárt.
2. Viðhald: Gluggar voru teknir í gegn að innan á jarðhæðinni í desember og til stendur að taka fleiri í gegn eftir jól. Í vor á svo að taka gluggana í gegn að utan og tjarga suðurhliðina á húsinu (ef fæst styrkur).
3. Opnunartími: Reyna að lengja opnunartímamann næsta sumar til dæmis frá kl. 10:00-18:00, og skipta tveimur starfsmönnum niður á vaktir.
4. Starfið framundan: Hjördís kom inn á að hafa safnið opið þegar að Júlíönu hátíðin verður dagana 26. febrúar – 1. mars. Ath. hvort að það eigi aftur að vera sameiginlegur safnadagur á Vesturlandi sem yrði þá Sumardaginn fyrsta 23. apríl. Um páskana er áætlað að hafa sýningu úr myndmenntavali Grunnskólans í Stykkishólmi. Skoða á hvort söfnin á Nesinu geti auglýst saman í Safnahandbókinni.
5. Önnur mál: Hjördís nefndi einnig að hún væri tilbúin að hafa eitthvað opið fram að vori, til dæmis þriðjudaga til fimmtudaga kl. 15:00-18:00. (janúar er rólegur, mætti byrja febrúar/mars). Rætt var einnig um skráningarmál og ákveðið að koma þeirri vinnu af stað. Athuga á hvort hægt sé að fá starfsmann í gegnum Vinnumálastofnun eða styrk fyrir starfsmanni/háskólastúdent sem myndi sjá um skráningarmál fyrir allt Snæfellsnes.
Sturla mætti og kynnti fyrirhugaða sameiningu á söfnunum í Stykkishólmi sem er á algjöru frumstigi.

Fleira ekki gert og fundi slitið 17:20

Hjördís Pálsdóttir